

Ár 2013, fimmtudaginn 7. febrúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 22. janúar 2013.

Í bréfinu er tilkynnt að frá og með 1. janúar sl. hafi Námsgagnastofnun yfirtekið umsjón með framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum. Ennfremur er farið yfir aðferðafræði við matið og hlutverk ráðuneytisins.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Viðlagatryggingu Íslands frá 25. janúar 2013.

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum vegna viðlagatryggingar á mannvirkjum í opinberri eigu skv. 2. mgr. 5. gr laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands en þar er sérstaklega fjallað um mannvirki sem ekki eru brunatryggð s.s. fráveitur og vatnsveitur.

Skipulags- og byggingafulltrúa falið að senda uppfærðar upplýsingar um enduröflunarverð umræddra eigna Hveragerðisbæjar til Viðlagatryggingar og nýframkvæmdir sem falla undir sama.

1.3. Orkuveitu Reykjavíkur frá 1. febrúar 2013.

Í bréfinu býður Orkuveita Reykjavíkur Hveragerðisbæ raforku til sölu.

Lagt fram til kynningar. Bærarstjóra falið að ræða við bréfitara.

1.4. Ungmennafélagi Íslands frá 24. janúar 2013.

Í bréfinu er sérstaklega vakin athygli á samþykkt frá 38. sambandsráðsfundi Ungmennafélags Íslands frá 12. -13. október 2012 þar sem ályktað er um gistingu keppnisliða í húsnæði sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Ás dvalar og hjúkrunarheimili frá 26. janúar 2013.

Í bréfinu er fjallað um fyrirhugaða fjölgun hjúkrunarrýma á Ási. Vegna umsóknar í Framkvæmdasjóð aldraðra er óskað staðfestingar á því að umræddar breytingar séu í samræmi við áætlanir um uppbyggingu á þjónustu við aldraða í Hveragerði.

Bæjarráð fagnar áformum forsvarsmanna Áss um fjölgun hjúkrunarrýma en ófremdarástand hefur skapast á svæðinu vegna langra biðlista eftir því búsetuúrræði. Einna lengstir eru biðlistarnir eftir hjúkrunarrými að Ási og því hvetur bæjarráð til þess að vel verði tekið í hugmyndir forsvarsmanna heimilisins. Um leið staðfestir bæjarráð að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á Ási eru í samræmi við áætlanir um uppbyggingu á þjónustu við aldraða í Hveragerði.

1.6. Árna Þorsteinssyni frá 15. janúar 2013.

Ninna Sif Svavarsdóttir vék af fundi meðan á afgreiðslu málsins stóð. Guðmundur Þór Guðjónsson tók við fundarstjórn.

Fært í trúnaðarmálabók.

1.7. Svar velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar.

Í bréfinu er svar velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um greiðsluþátttöku vegna talmeinaþjónustu.

Í svari ráðherra kemur fram að Sjúkratryggingar Íslands hafa ákveðið að þar til samkomulag næst milli ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu vegna talþjálfunar muni stofnunin samþykkja greiðsluþátttöku vegna barna að 18 ára aldri þrátt fyrir að sveitarfélög hefðu ekki áður greitt fyrstu 18 skiptin eins og áður var gerð krafa um.

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir til kynningar:**2.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. janúar 2013.****2.2. Almannavarnarnefnd Árnessýslu frá 17. janúar 2013.****2.3. SASS frá 18. janúar 2013.****2.4. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 18. janúar 2013.**

Varðandi lið 5 í fundargerðinni „Loftgæðamælingar – yfirfarin gögn fyrir 2012“ fagnar bæjarráð umræðu um loftgæðamælingar og leggur áherslu á að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir hið fyrsta.

2.5. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 18. janúar 2013

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:20

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)